

Fundargerð Læknaráðs 2. nóvember kl 13

Fundur haldinn á TEAMS. Mættir eru: Gunnar Bjarni Ragnarsson, Þórunn Jónsdóttir, Páll Guðjónsson, Oddný Ómarsdóttir, Jóhann Páll Ingimarsson og Hildur Jónsdóttir.

Rætt um nýtt skipurit Landspítala og ályktun fagráðs. Læknaráð er þverskurður af læknum sérgreina Landspítalans og mikilvægt að heyra mismunandi sjónarmið af mismunandi sviðum og deildum spítalans. Páll vekur athygli á flókinni stöðu námslækna í gamla skipuritin. Mun taka saman vangaveltur og senda til Þórunnar sem er fulltrúi lækna í Fagráði LSH. Fundarmenn eru í aðalatriðum fylgjandi breytingum og styðja forstjóra, ályktað um það og verður sent út á næstu dögum. Læknaráð er tilbúið að vera til samtals og ráðgjafar varðandi frekari útfærslu skipuritsins.

Fundi slitið kl 14.